

Minnisblað um menntamál

5. febrúar 2018

Lög um framhaldsfræðslu

- Vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar laga um framhaldsfræðslu telur BSRB rétt að haft verið mikið og ríkt samstarf og samráð við bandalagið m.a. þar sem kerfið er byggt á grunni menntakerfis atvinnulífsins.
- Mikilvægt að horft verði til tækifæra og áskorana 4. iðnbyltingarinnar við þessa vinnu.
- Þá er nauðsynlegt að greina vel þann hóp sem fellur undir og gæti fallið undir lögin og leggja mat á hverjar þarfir atvinnulífsins eru m.a. til hæfni. Sem dæmi eru um 50% félagsmanna SFR sem starfa hjá ríkinu með lokapróf á framhaldsskólastigi og falla ekki undir lögin en þyrftu sannarlega menntun til auka starfshæfni sína og koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Bregðast þarf við slíku með lagabreytingum og auknu fjármagni.
- Þá er bráðnauðsynlegt að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir alla þá sem hana vilja sækja – ekki bara þá sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki.

4. iðnbyltingin

- BSRB telur nauðsynlegt að hefja samtal og stefnumótun fyrir hina svokölluðu 4. iðnbyltingu.
- Móta þarf framtíðarhæfnistefnu fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga og hvernig við tryggjum að sú hæfni verði til staðar. Mikilvægt að ríki og sveitarfélög sitji þar við borðið sem atvinnurekendur.
- Þar er nauðsynlegt nýta þær mennta- og fræðslustofnanir sem aðilar vinnumarkaðarins starfrækja, tryggja að sí -og endurmenntun verði eðlilegur hluti af störfum launafólks og tryggja að launafólk hafi tækifæri og aðstöðu til að mennta sig til nýrra starfa og menntunin hafi sýnilegt vægi og ávinning fyrir einstaklinga. Ræða þarf hvernig atvinnulífið og stjórnvöld tryggja námsframboð alla starfsævina og hvernig skuli skipuleggja hana og fjármagna.
- Þá þarf að skoða allt menntakerfið í heild sinni vegna þessa, uppbyggingu og fjármögnun formlega og óformlega kerfisins og innleiða nýja hugsun hvað varðar menntun launafólks.
- Öflugt menntakerfi, þar sem starfs- og verkmenntun fær nauðsynlegt vægi er jafnframt einn af lykilþáttum félagslegs stöðugleika.

Fagháskóli

- Mikilvægt er að áfram verði unnið að uppbyggingu fagháskólanáms í góðri og mikilli samvinnu og samstarfi við heildarsamtök launafólks, atvinnurekendur og stjórnvöld, m.a. menntamála.
- Veita þarf fjármagni til að hægt sé að fjármagna kennslu við þau þróunarverkefni um fagháskólanám sem BSRB og aðilar vinnumarkaðarins vinna nú að m.a. fyrir sjúkraliða við öldrunarhjúkrun og lækningar í heilbrigðisupplýsingafræði.

- Þá þarf að vinna áfram á vettvangi samstarfsráðs um fagháskólanáms að stefnumótun og móta tillögur fyrir fjármögnun og uppbyggingu fagháskólanáms til framtíðar litið og nýta þróunarverkefnið sem fyrirmynd til að leggja mat á uppbyggingu almenns fagháskólanáms varðandi form náms og innihald. Í þeirri vinnu er mikilvægt að jafnræði og jöfn staða fagháskólanáms við akademískt háskólanám sé útgangspunktur.
- Vinna þarf að skilgreiningu raunfærnimats á háskólastigi og gera tillögu að innleiðingu þess.

Starfsnám og Vinnustaðanámssjóður

- BSRB leggur ríka áherslu á að aukin verði fjárframlög til Vinnustaðanámssjóðs og lýsti bandalagið yfir vonbrigðum í umsögn við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 að fjárframlög hefðu lækkað að raungildi, m.a. í ljós markmiðs ríkisstjórnarinnar að efla verk- og starfsnám.
- Bandalagið óskar eftir því að haft verið ríkt og mikið samráð við bandalagið og aðildarfélög þess í nýlega tilkynntri vinnu um endurskoðun stjórnunar og stjórnarsýslu starfsmenntunar og telur nauðsynlegt að setja á laggirnar formlegan vettvang í því skyni.